

LP Gallerí Borg greiðir ekki virðisaukaskatt af sölubókunum

LISTAPÓSTURINN

Söngvaseiður fyrir börn á öllum aldri

Þegar ég var lítil stelpa og kom í Þjóðleikhúsið fannst mér að það hlýti að vera konungshöll. Ævintýrið var slíkt að það var næstum því sama hvað kom á sviðið, það var allt þrungið töfrum óraunveruleikans, ekki bara sýningin heldur líka teppið á gólfinu, sætin og tjöldin fyrir sviðinu. Að koma í höllina í raudum flauelisskókk og borða konfekt var því lík upplifun að seint líður úr minni.

„Eru þetta alvöru börn,“ hvíslaði dóttir mín að mér þegar við fylgumst með æfingu á Söngvaseiði í Þjóðleikhúsinu. Hún spurði þrátt fyrir að við hefðum skömmu áður gengið baksviðs og séð ósköp venjuleg börn vera að klæða sig í búningana og búa sig undir sýninguna. „Það er ekkert alveg alvöru í leikhúsi,“ hvíslaði ég á móti og hún horfði opinmynt á börnin sem ekki voru alvöru börn.

Ög tónlistin. Fram að miðnætti raulaði hún alparósina og trallaði fleiri lög sem ég kann ekki að nefna né raula því að hluta til er ég búin að tapa þessum fálmarum af höfðinu sem fylgir því forréttindastússi að vera barn.

Varaliturinn minn er að mestu leyti búinn og lá í gólfinu síðast þegar ég vissi eða sá hluti af honum sem ekki var á kinnunum hennar þegar hún horfði hugfangin í spegilinn og söng alparósina.

Hvað með það. Það er bara svo ofsalega gaman að fara með börn í leikhús og það er óskandi að foreldrar og börn á öllum aldri nýti sér Söngvaseið og fari í finu fötunum í Þjóðleikhúsið, borði konfekt og syngi alparósina þegar heim er komið.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

Svo virðist sem það sé nokkuð misjafnt hvort galleríin á höfuðborgarsvæðinu greiði virðisaukaskatt af umbodsbókunum eða ekki. Þeim ber samkvæmt lögum að greiða virðisaukaskatt af umbodsbókunum en listamennirnir eru ekki virðisaukaskattskyldir hvað varðar þeirra hluta af söliverði listaverkanna. Gallerí Borg stundar umfangsmikla sölu á listmunum bæði í umbodsböku og í gegnum sýningar fyrirtækisins en hefur ekki virðisaukaskattsnúmer.



Á meðan hafa aðrir galleríhaldarar gengið milli embættismanna og beðið um niðurfellingu á virðisaukaskatti en sumir vilja túlka starfsemi galleríanna sem menningarstarfsemi og að þeim beri samkvæmt því niðurfelling á virðisaukaskatti. Skattayfirlönd hafa hinsvegar tjáð umræddum aðilum að ekki sé hægt að túlka lögina á þann veg og er þannig um flest gallerí að þau greiða virðisaukaskatt. Aðspurður kvaðst ríkisskattstjóri ekki vita til þess að veittar hefðu verið

neinar undanþágur frá virðisaukaskatti til einstakra gallería.

En hverju sætir það að ekki hefur verið gerð athugasemd við það að Gallerí Borg greiðir ekki virðisaukaskatt af sölubókunum líkt og önnur sambærileg fyrirtæki hafa fengið upplýsingar um að þeim beri að gera?

„Ég veiti ekki upplýsingar um einstök fyrirtæki. En við höfum okkar reglur og við munum framfylgja þeim,“ sagði ríkisskattstjóri.

Bjartur og Frú Emilía í útgáfustússi

Snæbjörn Arngrímsson útgefandi í spjalli um tímaritaútgáfu og lítið sætt forlag

„Þegar ég kláraði menntóskrifaði ég í bréfi til vinkonu minnar að ef við stofnuðum einhverntímann bókaútgáfu vætti hún að heita Bjartur,“ sagði Snæbjörn Arngrímsson í samtali við Listapóstin, en hann gefur út tímaritið Bjartur og Frú Emilía ásamt leikhúsinu Frú Emilíu. Tímaritið fjallar um leikhúsmál og bókmenntir og er næsta eintak blaðsins helgað leikriti Kjartans Ragnarssonar Dampskipinu Íslandi sem Nemendaleikhúsið sýnir um þessar mundir.

„Við höfðum frumkvæði að því að birta leikrit Kjartans,“ sagði Snæbjörn. „Ög ætlunin er að birta fleiri slík. Það er til fullt af skemmtilegum leikritum sem aldrei hafa verið sett upp og auk þess góð leikrit sem almenningur hefur ekki aðgang að. Leikritaútgáfa stendur ekki undir sér sem slík en það er hægt að tengja hana við aðra hluti á skemmtilegan hátt eins og við gerum í næsta eintaki. Við birtum ekki aðeins leikritið heldur er viðtal við höfundinn og umfjöllun.“

Nú er Bjartur einnig bókaútgáfa og Frú Emilía leikhús. Mega lesendur eiga von á enn

frekari samvinnu á milli þessara aðila, til dæmis leiklestrum?

„Frú Emilía hefur staðið fyrir leiklestrum og stóru leikhúsin sigldu í kjölfarið. Tímaritið hefur ekki staðið fyrir neinu slíku en bókaútgáfan Bjartur mun standa fyrir upplestrum í haust á þeim skáldverkum sem koma út. Meðal höfunda sem við munum gefa út á íslensku núna í vor eru Kazuo Ishiguro, John Fowles og Janoch. Bókaútgáfan hefur síðan hjálpað okkur að komast í samband við unga penna en það er eitt af áhugamálunum að koma þeim á prent. Við birtum hinsvegar ekki hvað sem er og gerum þá kröfu að þeir séu ekki bara ungir heldur og efnilegir.“

Nú ertu nemandi í bókmenntafræði og stendur því í þessu jafnhliða náminu.

„Já, það hefur frekar bitnað á náminu en útgáfunni. Þetta tengist svo mikið að ég hef grætt meira á því en hitt að vera í bókmenntafræði um leið og ég stend í þessu bókmenntastússi.“

Nú komu fram sköpp skil milli þeirra höfunda sem gefa út hjá stærri forlögum og



S.PÓR

hinna sem eru í sjálfsútgáfu og hjá stærri forlögum við úthlutun úr rithöfundasjóði. Hvernig horfir þetta við rithöfundum, áttu von á því að þeir leiti síður til stærri forlaga?

„Ókosturinn við að gefa út hjá stærri forlögum er fyrst og fremst sá að bækurnar fá oft mun minni athygli. Það stafar að hluta til af skorti á auglýsingafé. Það kemur auðvitað beint fram í úthlutun úr rithöfundasjóði. Það þýðir hinsvegar ekki að bækurnar séu eitthvað síðri.“

En hvað þá með Íslensku bókmenntaverðlaunin? Nú

eiga stærri forlög ekki jafn hægt um vik að leggja út í kostnað við tilnefningar.

„Ég held að minni forlög komi ekki til greina hvað varðar bókmenntaverðlaunin. Þau hafa ekki haldþæra peninga og Bjartur tilnefndi enga bók. Það sama gildir auðvitað um sjálfsútgáfu. En það er alltaf spurningin hvaðan verðlaunaféð á að koma. Mér finnst hinsvegar þessi aðferð röng.“

Hvernig gengur fjárhagslega að halda úti blaði eins og þessu? Er þetta ekki einungis unnið í sjálfboðavinnu? „Það er lenska að allt eigi

ad vera ókeypis í þessum menningargeira eins og sú vinna sé minna verðmæt en önnur vinna. Við höfum hinsvegar stefnt að því frá byrjun að láta hlutina ganga þannig að við getum greitt bæði okkur og höfundunum góð laun. Það er ekki úþpenslustefna en ég hef trú á því að það sé forsenda þess að við getum gert hlutina jafn vel og við viljum að þeir séu gerðir. Hingað til hafa hlutirnir gengið vel og við höfum mörg hundruð áskrifendur að tímaritinu. Bjartur mun samt halda áfram að vera lítið og sætt forlag.“

Vattstungin teppi mikilvæg í listhefð bandarískra kvenna

Vattstungin teppi eru mikilvægur þáttur í listhefð bandarískra kvenna og alþýðlegt listform sem hefur hlotið sess á bandarískum söfnum fyrir skreytilist og vefnað og notið vaxandi virðingar fyrir að varðveita sögu og arfleifð bandarísku þjóðarinnar.

Þessa dagana stendur yfir sýning á vattstungnum teppum frá síðasta áratug á Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 21. apríl og er opin frá kl. 2–6. Vattstungin teppi eru lifandi þáttur í bandarískri listsköpun og má rekja gerð þeirra allt aftur til landnematímans.

Þessi listhefð barst fyrst til Bandaríkjanna á 17. og 18.

öld með evrópskum innflytjendum en upphaf bandarískrar gerðar þeirra má rekja til síðari hluta 18. aldar. Hlutverk teppanna var ekki síður fagurfræðilegt og táknrænt en það að halda hita á eigendum sínum. Þau höfðu að geyma lífshlaup heilu fjölskyldnanna og sögulega atburði þeirra samfélaga er þau urðu til í. Fyrir þá sem ekki höfðu pólitísk og félagsleg réttindi voru teppin skapandi miðill og bandarískar konur sem ekki hlutu kosningarétt fyrir en 1920 saumudu skoðanir sínar í teppin.

Frá síðari hluta 18. aldar voru evrópsku formin aukin og endurbætt með mynstrum og verkþækni sem kom frá

meginlandi Afríku. Þessi fornu teppi byggðu á þremur grunngerðum sem voru vinsælar á Bretlandseyjum og í Vestur-Evrópu og hafa síðan verið grunnurinn að sameiginlegum einkennum evrópskrar og amerískrar gerðar vattstunginna teppa. Heilt klæði, skreyting og samsetning búta.


Frá þessum upphaflegu teppum, tilkomnum fyrir áhrif evrópskrar hefðar, þróaðist sér bandarísk hefð í gerð þessara teppa sem varð fljótleiga vinsælasta gerðin í Bandaríkjunum vegna þess að hún bauð upp á fjölbreyttari möguleika í mynsturgerð og krafðist minna vinnurým- is. Ólíkt þeirri tækni að bæta

við bútum eftir þörfum var fyrst safnað saman stöðludum einingum sem voru tengdar saman til að mynda yfirlagið. Þessar einingar voru samsettar á tvenns konar hátt: 1) Sem röð af smágerðum mynstrum, þar sem heilir lifafletir voru settir á milli eða aðgreindir með ramma. 2) Sem heild af tengdum flötum þar sem mynstrin voru skipulögð til að mynda heildstætt mynstur frá einum jafri til annars. Eitt litu teppi og skreytingateppi voru þó enn gerð en voru fremur talin til spariteppa.

Til viðbótar þeim tækni- legu nýjungum sem urðu í gerð bútateppa urðu einnig til kynþátta- og svæðis-

bundnir stílar. Bandarískir svertingjar sköpuðu til dæmis sínar eigin hefðir í búta- saumi með því að leita til afrískrar arfleifðar.

Með heimsstyrjöldinni síðari má segja að gerð vattstunginna teppa hafi daíð út, því hún var nær einungis stunduð í einangruðum sveitasamfélögum og meðal þjóðernishópa í þéttbýli. Áhuginn fyrir þeim vaknaði síðan aftur á síðari hluta sjöunda áratugarins og í byrjun þess áttunda. Þessi vakning leiddi ekki aðeins af sér endurvaktar vinnuáferðir heldur og áhuga á listrænu gildi þeirra og eru vattstungin teppi nú viðurkennd sem listform á sviði nútímalistar.



Sýning á vattstungnum teppum sem Whitney Museum of American Art setti upp sumarið 1971 varð orlagavaldur fyrir þessa þróun ásamt öðrum nýjungum á sviði bandarískrar nútímalistar.